

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 8. apríl
Fundargerð borgarráðs frá 15. apríl
- 16. liður; heiðursborgari

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég kveð mér hljóðs undir fundargerð borgarráðs frá 8. apríl og þeim spurningum sem þar eru lagðar fram raunar af borgarráðsfulltrúum Vinstri grænna sem ég vil nú þakka alveg sérstaklega fyrir, það er að segja yfirlit yfir skuldbindingar borgarinnar er varðar framkvæmdir fyrir íþróttafélag og upplýsingar um stöðu þeirra samninga sem ekki hafa verið endurskoðaðir. Tilefnið er nokkuð kunnugt, það er að segja þær fréttir í fjölmiðlum sem ekki hafa þó verið kynntar fyrir borgarráði, að minnsta kosti ekki á síðasta fundi þó að fréttirnar hafi nú verið bæði fyrir og eftir fund, að ég hygg, um mál Golfklúbbs Reykjavíkur og stöðu þess nýja samnings sem samþykktur var á síðasta fundi borgarstjórnar, raunar í ágreiningi. Eftir það komu fram ýmsar upplýsingar sem ég myndi vilja óska eftir því að borgarstjóri myndi rekja, jafnframt núverandi stöðu málsins og áhrif á samþykkt borgarstjórnar frá því á síðasta fundi og hver eru næstu skref í þessu efni vegna þess að maður verður var við ákveðna óvissu í þeim efnum.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 8. apríl
Fundargerð borgarráðs frá 15. apríl
- 16. liður; heiðursborgari

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Það er hárrétt sem kemur fram hjá borgarfulltrúanum að eftir afgreiðsluna sem var hér á samningnum, þá komu í ljós og var bent á ákveðna hluti sem tengdust fyrri samningi. Í kjölfar þess var það mál skoðað og því máli, eins og borgarfulltrúinn þekkir, vísað til innri endurskoðanda, sem ennþá hefur málið til meðferðar og er að skoða það og meðan sú skoðun er í gangi er ekki hægt að formgera eða ganga frá þeim samningi, enda hefur hann ekki verið undirritaður, sem tengist því sem við samþykktum á fundi borgarstjórnar síðast. Þannig að staða málsins er einfaldlega sú að innri endurskoðandi hefur með málið að gera, er að fara yfir það. Það er ljóst að ákveðnar framkvæmdir sem eru, og það lýtur að áhaldahúsi, held ég að það sé kallað, á þessu svæði, sem gera átti samkvæmt fyrra samkomulagi, því hefur ekki verið lokið og klárað samkvæmt fyrri samningum. Það skrifast að einhverju leyti á forsvarsmenn golfklúbbsins að hafa ekki allavega upplýst með þeim hætti að það næði inn í sali borgarstjórnar, en það skrifast líka að einhverju leyti, og ég hef þess vegna óskað eftir því að samhliða verði skoðað hvernig við höldum utan um samninga af þessu tagi, vegna þess að það virðist líka vera sem að einhverju leyti hafi svona eftirlitsskylda okkar eða kerfið í kringum það ekki allavega varað við með þeim hætti að benda á að þessi hluti gamla samningsins hefði ekki verið kláraður.

Þannig að við höfum upplýst Golfklúbb Reykjavíkur um þessa stöðu, ég fundaði með þeim strax eftir að þetta var ljóst, í vikunni eftir að þetta kom upp, til þess að greina þeim frá því að meðan að þetta mál væri til skoðunar hjá innri endurskoðanda yrði ekki kláraður sá samningur sem gengið var frá hér í borgarstjórn, þeir eru að gera innri endurskoðanda grein fyrir sínum málum. Hann mun síðan skila sínu áliti og það er ekki fyrr en þá sem við getum farið að ræða um framhald málsins.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að veita andsvar.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 8. apríl
Fundargerð borgarráðs frá 15. apríl
- 16. liður; heiðursborgari

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil nú byrja á því að þakka fyrir þessi svör. En mér sýnist að í loftinu hangi þá spurningin: hvaða skoðun fór fram á efndum fyrri samnings, áður en undirbúin var og lögð fram hér tillaga um nýjan samning við Golfklúbb Reykjavíkur? Tilefnið er augljóst. Árið 2006, um vorið, voru gerðir samningar við nokkur íþróttafélög. Enginn þeirra samninga nema þessi eini hefur verið efndur og nú er semsagt samþykkt tillaga um að fara í enn frekari samning við viðkomandi en hin félögin, ÍR, Fjölnir og svo framvegis, hafa ekki fengið greiðslur til framkvæmda, enda hafa þau ekki verið í framkvæmdum. Og spurningin er semsagt: hvaða könnun fór fram á þessum framkvæmdum og hvaða skilagreinum hafði verið skilað um þær til borgarstjóra? Því að ársreikningur Golfklúbbs Reykjavíkur virðist vera býsna skýr að þessu leyti.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari hæstvirtur borgarstjóri.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 8. apríl
Fundargerð borgarráðs frá 15. apríl
- 16. liður; heiðursborgari

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Já, forseti, borgarfulltrúar. Borgarfulltrúinn spyr eðlilega um það og það er sama spurning og hefur verið spurð hér innan kerfisins um það hvers vegna borgarráði var ekki gert það ljóst, og borgarfulltrúum, að við ákveðna þætti í fyrri samningi hefði ekki verið, það hefði ekki verið fullnustað. Borgarfulltrúinn spyr hvort mér hafi verið það ljóst, nei, mér hafði ekki verið gerð grein fyrir því. Samningagerðin var í höndum embættismanna borgarinnar og ekki var neins staðar formgert og það er eitthvað sem við þurfum að velta fyrir okkur, einmitt einn af þessum lærdómum sem við erum að tala um varðandi skýrsluna, að það er ekki til skjalfest í kringum þennan samning að ákveðnir þættir sem tengjast framkvæmdum hans, þar með talið þetta áhaldahús, að það verk hafi ekki verið klárað.

Þannig að það átti sér ekki stað formleg einhvers konar yfirlýsing sem hefði auðvitað átt að gerast. Eftirliti er háttað þannig hjá okkur að við þurfum greinilega, finnst mér og ég hef sagt það áður opinberlega, og óskað eftir því að það verði gert innan kerfisins að fara í gegnum það, hvernig höldum við nákvæmlega á þessu, tryggjum að upplýsingastreymið sé eins og það þarf að vera og þrátt fyrir að Golfklúbburinn hafi greinilega, eins og borgarfulltrúinn bendir á og kemur fram í ársskýrslu, þá er ekki eins og Golfklúbburinn hafi beint legið á því, en það kom ekki inn í þennan samning sem við vorum að vinna hér með, þannig að þegar þessar upplýsingar bárust var ekkert í boði fyrir okkur annað en að skoða það nákvæmlega og fara yfir það, enda hefur ríkt mikið traust milli aðila í þessum samningaviðræðum. Ég var ekki upplýst um það að hluti af þessum fyrri samningi hefði ekki verið formgerður og við sjáum hvaða niðurstöðu innri endurskoðandi kemst að því, bæði varðandi upplýsingastreymi frá Golfklúbbum til okkar og ekki síður hvernig eftirliti okkar er háttað en það er það sem innri endurskoðandi er að skoða.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur svarað andsvari og þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að veita andsvar í annað sinn.

Bstj. 20. apríl 2010

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 8. apríl
Fundargerð borgarráðs frá 15. apríl
- 16. liður; heiðursborgari

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég þakka aftur fyrir þessi svör og bæti einungis við einu: hver ber ábyrgð?

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar í annað sinn. Þá svarar borgarstjóri andsvari í annað sinn.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 8. apríl
Fundargerð borgarráðs frá 15. apríl
- 16. liður; heiðursborgari

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Þeir sem hafa haldið utan um og héldu utan um, eins og hefur margsinnis komið fram og kom fram þegar tillagan var lögð fram á vettvangi borgarráðs, þá hefur samningagerðin við þetta íþróttafélag eins og önnur verið í höndum framkvæmdastjóra eða sviðsstjóra ÍTR, borgarlögmans og fjármálastjóra og Dagur B. Eggertsson spyr hvar liggur ábyrgðin. Ég held að ábyrgðin liggi bara sameiginlega hjá okkur og hjá Golfklúbbnum og við erum að fara yfir það, eins og ég segi, það er í höndum innri endurskoðanda að meta það. Svo er það auðvitað þannig eins og borgarfulltrúinn veit og það er kannski það sem er bent aftur á í þessari skýrslu, að það sem við sjáum í þessu ef það gerist í þessum samningi að eitthvað af fyrri samning hefur ekki verið klárað, þá segir það okkur náttúrlega ákveðna sögu um eftirfylgni með svona samningum. Ekki bara hjá Reykjavíkurborg heldur hjá allri stjórnsýslunni. Bæði hjá ríkinu og sveitarfélögum almennt.

Og við þurfum að spyrja okkur þeirrar spurningar og eigum að gera það við þessar aðstæður: fylgjum við þessu nægilega vel eftir? Erum við með nægilega strangt eftirlit? Ekki bara hvað varðar þessa samninga við íþróttafélög því við getum ekkert dregið þau út fyrir frekar en önnur. Það sama á við um styrkveitingar, til dæmis í borgarráði, þar sem við veitum styrki til ákveðinna verkefna. Við þurfum að spyrja okkur þeirra spurninga: fáum við alltaf skilagreinar? Erum við nægilega hörð á því að fylgja því vel eftir að fjármuninum sé varið með nákvæmlega þeim hætti sem borgarráð gerir ráð fyrir? Þannig að þetta á ekki bara við um þetta einstaka verkefni. Þess vegna hef ég, eins og ég hef sagt opinberlega og get sagt aftur hér, óskað eftir því að farið verði yfir þessa ferla á vettvangi Reykjavíkurborgar.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari í annað sinn. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Jórunn Ósk Frímansdóttir. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Jórunn Ósk Frímansdóttir. Borgarfulltrúinn fellur frá orðinu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson.

4. mál Fundargerð borgarráðs frá 8. apríl
Fundargerð borgarráðs frá 15. apríl
- 16. liður; heiðursborgari

Stefán Jóhann Stefánsson: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég held að þessi umræða sé ágæt hér um þennan lið, 27. lið fundargerðar borgarráðs frá 8. apríl og hann tengist þessari umræðu sem við áttum áðan. Það er fínt að þetta mál sé komið til innri endurskoðunar og þar verði farið yfir þetta og að það verði farið yfir þær reglur og þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við úthlutun styrkja. Það er náttúrliga ekki ástæða til að fella mjög stóra dóma en þó er málið komið í þannig ferli að það er hægt að tjá sig eitthvað um það og þegar ég heyrði af þessu fyrst og varð var við viðbrögð forystu golfmanna, þá minnti það mig á umræðuna um sjálftökuna í bönkunum. Hrokafull viðbrögð þeirra við því að þeir hefðu ekki farið rétt með þá fjármuni sem þeir hefðu fengið úr skattheimtu borgarinnar voru þess eðlis að þau minntu mig á það sem við köllum sjálftöku ákveðinna aðila úr bönkunum. Nú, svona vinnubrögð ganga náttúrliga alls ekki upp.

Þetta minnir mig líka svolítið á golfmótið sem var í Bandaríkjunum hérna um síðustu helgi eða semsagt þetta leiðir dálítið hugann á því hvernig menn brugðust við þar eða ákveðinn keppandi. Hann var staddur í þeirri stöðu að lenda einhversstaðar úti í mýri og þurfa að slá boltann upp úr einhverju feni og kom óvart við strá í sveiflunni. Nú þekki ég golfreglur ekki mjög vel en þetta mun vera ólöglegt. Enginn tók eftir þessu en golfmaðurinn sagði frá þessu eftir því sem kom fram í fréttum. Og fyrir vikið missti hann af sigrinum, fékk á sig tvö refsistig ef ég man rétt, og missti af sigrinum. Hann fékk á sig refsistig en hann ... allavega vann ekki. [Hlátur í salnum].

Hvað um það. Hann semsagt sagði frá þessu sjálfviljugur án þess að aðrir virtust hafa tekið eftir og fékk á sig þessi refsistig. En hvað gera okkar golfmenn í þessu tilviki? Þeir rífa bara kjaft. Og þess vegna er spurningin: hversu mörg refsistig á að veita slíkum aðilum. En þetta leiðir líka hugann að því og þetta tengist líka þeirri umræðu sem var hér áðan. Hvaða áhrif hafa veisluhöld golfforystunnar sem hún hefur boðið til, bæði borgarfulltrúum og embættismönnum í borgarkerfinu, hvaða áhrif kann það hugsanlega að hafa haft á þróun þessa máls? Er ekki ástæða til þess um leið og við förum að endurskoða styrki af þessu tagi, fara yfir vinnubrögð og viðmiðanir varðandi styrki, að það verði líka endurskoðað hvernig

borgarfulltrúar og embættismenn borgarinnar taka á boðum þar sem þeim er boðið að þiggja veislur sem kostaðar eru af fé sem þessir aðilar fá úr borgarsjóði? Mér finnst fullkomin ástæða til þess að það sé endurskoðað líka og slíkar veislur séu lagðar niður. Það er sjálfsagt að borgarfulltrúar kynni sér starfsemi samtaka af þessu tagi en dýrindis veislur af því tagi sem þessi samtök og samtök hestamanna hafa efnt til eiga alls ekki við á Íslandi í dag.

Forseti: Borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og þá er tekin til afgreiðslu 16. liður fundargerðar frá 15. apríl, hún hljóðar svo:

Borgarráð samþykkir að gera Vigdísí Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, að heiðursborgara Reykjavíkur á 80 ára afmæli hennar í dag. Borgarráð samþykkir jafnframt að heiðra Vigdísí með viljayfirlýsingu um þátttöku Reykjavíkurborgar við uppbyggingu sérstaks reits eða torgs við fyrirhugaða nýbyggingu stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem áætlað er að rísi á næstu árum.

Þeir sem samþykkja þessa tillögu gefið merki. Hún er samþykkt einróma. Þá er tekið fyrir 5. mál á dagskrá sem er fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 12. apríl, fundargerðir íþróttá- og tómstundaráðs frá 26. mars og 9. apríl, fundargerð leikskólaráðs frá 7. apríl, fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 12. apríl, fundargerð menntaráðs frá 14. apríl, fundargerðir skipulagsráðs frá 31. mars og 14. apríl og fundargerð velferðarráðs frá 14. apríl. Til máls tekur borgarfulltrúi Jórunn Ósk Frímansdóttir.